

- 157 Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir Barnaheimilissjóð hjúkr-
15. sept. unarfélagsins „Hjálpar“ á Patreksfirði, útgefin á venjulegan hátt 15. september 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Barnaheimilissjóð hjúkrunarfélagsins „Hjálpar“ á Patreksfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Barnaheimilissjóður hjúkrunarfélagsins Hjálpar“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 300 króna gjöf frá hjúkrunarfélaginu „Hjálpar“ á Patreksfirði, á 10 ára afmælisdegi félagsins, þann 9. des. 1938, og er nú að upphæð kr. 422.72.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

- a. 100 króna árlegt framlag frá hjúkrunarfélaginu „Hjálpar“ á afmælisdegi félagsins.
- b. Arður af eignum sjóðsins.
- c. Áheit og gjafir til sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að koma upp sumarheimili í sveit fyrir börn úr Patreksfjarðarkauptúni, sérstaklega veikluð börn, og reka slíkt heimili, þegar það er komið upp.

5. gr.

Sjóðurinn ávaxtist í sparissjóðum eða bönkum og með kaupum á bankavaxtabréfum eða öðrum tryggum verðbréfum. Vextir leggjast óskertir við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00.

Sjóðurinn má ekki reka lánastarfsemi.

6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10000.00 krónur, skal stjórn hans hefja framkvæmdir um stofnun barnaheimilis í sveit og rekstur þess.

7. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn hjúkrunarfélagsins „Hjálpar“, meðan það starfar. Leggist félagið niður, renna allar eignir þess til sjóðsins, og skal þá stjórn hans skipuð þrem mönnum, er jafnan séu þessir: Skólastjóri barnaskólans á Patreksfirði, héraðslæknirinn á Patreksfirði og ein kona kosin af hreppsnefnd Patrekshrepps.

8. gr.

Þegar sjóðurinn er tekinn til starfa, skulu reikningar hans lagðir árlega fyrir hreppsnefnd Patrekshrepps og endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum hreppsins.

9. gr.

Sjóðstjórnin skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir og annað, sem varðar rekstur sjóðsins og hag. Ársreikninga og efnahagsreikninga sjóðsins skal innfæra í gerðabókina.

10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.